

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B86-90

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 86-90

Nr. 562-586

2003

Efnisyfirlit B 86-90 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
562	16. júlí	Auglýsing um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulags- áætlun í Reykjavík	1817-1818
563	18. júlí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.....	1818
564	17. júlí	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustu- verkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf nr. 377/2002	1819
565	17. júlí	Gjaldskrá fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey	1819-1820
566	18. júlí	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 444/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1820
567	18. júlí	Auglýsing um útflutningshlutfall kindakjöts	1821
568	17. júlí	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	1822
569	23. júlí	Auglýsing um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á lif- andi laxfiski og hrognum sem eiga uppruna sinn í Færeyj- um og Noregi	1822-1824
570	26. júlí	Auglýsing um framlengingu banss við innflutningi frá Belgíu og Þýskalandi og bann við innflutningi frá Ítalíu vegna Avian Influenza eða fuglaflensu	1825
571	24. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.....	1826
572	18. júlí	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Indriðastaðir í Skorra- dalshreppi.....	1827
573	15. júlí	Auglýsing um deiliskipulag íþróttasvæðis á Tungubökkum í Mosfellsbæ.....	1827
574	14. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðabyggð á suðvestur Hvaleyrarholti“ í Hafnarfirði	1828
575	9. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998- 2018, svæði norðan og austan Glerárkirkju	1828
576	18. júlí	Auglýsing um deiliskipulag við Lækjamót í Sandgerði	1829
577	11. júlí	Reglugerð um ávaxtasafa og sambærilegar vörur	1829-1834
578	7. júlí	Gjaldskrá vegna þjónustu skipulags- og byggingafulltrúa og skipulags- og bygginganefndar skv. skipulags- og bygg- ingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.....	1835-1836
579	11. júlí	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundar- sköp Skeggjastaðahrepps, nr. 426/2000	1836-1837
580	18. júlí	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk ...	1838-1845
581	21. júlí	Gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar	1846
582	22. júlí	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lif- ræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar	1847-1861
583	29. júlí	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkis- ins, nr. 530/2002, með áorðnum breytingum, sbr. auglýs- ingu nr. 648/2002	1862

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 2003

16. júlí 2003

1817

Nr. 562

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Reitur 1.182.0.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 20. maí 2003, deiliskipulag fyrir reit 1.182.0 sem afmarkast af Skólavörðustíg, Klapparstíg og Grettisgötu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Mógilsá og Kollafjörður, Kjalarnesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. september 2002, deiliskipulag fyrir jarðirnar Mógilsá og Kollafjörð, Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Jörfagrund 7, Kjalarnesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 27. maí 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Jörfagrund 7 á Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Heiðargerðisreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. júní 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Heiðargerðisreit sem afmarkast af Miklubraut til norðurs, Grensásvegi til austurs, Brekkugerði og lóð Hvassaleitisskóla til suðurs og húsum við Stóragerði til vesturs. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bæjarflöt 10.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 13. maí 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Bæjarflöt 10.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 16. júlí 2003.

Skiplagsfulltrúi Reykjavíkur,
e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar í umboði bæjarstjórnar hefur samþykkt eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Garðabæ. Deiliskipulagsbreytingarnar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi við Furulund 9.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður vegna umsóknar um viðbyggingu við núverandi hús.

Breyting á deiliskipulagi við Víðilund 15.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er skilgreindur vegna umsóknar um viðbyggingu við núverandi hús.

Breyting á deiliskipulagi við Markarflöt 19.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður vegna umsóknar um viðbyggingu við núverandi hús.

Breyting á deiliskipulagi við Bæjargil 52-60.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður vegna umsóknar um að byggja anddyri. Auk þess er gert ráð fyrir að séreignarhlutar einstakra aðila innan lóðar verði stækkaðir til suðurs með kvöð um aðgengi innan lóðarinnar.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 18. júlí 2003,

Guðjón E. Friðriksson bæjarritari.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustuverkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf nr. 377/2002.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Gjald fyrir opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnatöku og skoðanir dýralækna skal vera sem hér segir:

Tímagjald kr. 5.000.

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni samkvæmt eftirlitsáætlun kr. 6.500.

Aksturgjald skal vera hið sama og ferðakostnaðarnefnd ríkisins ákveður á hverjum tíma.

2. gr.

Eftirfarandi eftirlitsflokkum verði bætti við núverandi viðauka A með gjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustuverkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf:

603	Innflutningseftirlit með gæludýrum	19.684 kr.
604	Innflutningseftirlit með hundasæði	10.840 kr.
605	Svínabú, < 200 sláturgrísir	18.498 kr.
606	Svínabú, > 200 sláturgrísir	28.497 kr.

3. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

GJALDSKRÁ

fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.

1. gr.

Daggjöld fyrir vistun dýra við einangrunarstöð gæludýra í Hrísey verða sem hér segir:

Kettir	kr. 2.800
Hundar að 20 kg þyngd	2.850
Hundar 20 kg þyngd og yfir	2.900

Virðisaukaskattur, 24,5%, leggst á ofangreindar fjárhæðir.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey nr. 763/2002.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald fyrir vistun gæludýra í Hrísey sem ákveðin hefur verið og tilkynnt eigendum gæludýra í samræmi við eldri reglur fyrir gildistöku reglugerðar nr. 431/2003 um innflutning gæludýra og hundasæðis og gjald fyrir vistun sem ákveðin verður samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í 37. gr. reglugerðar nr. 431/2003 skal greitt samkvæmt gjaldskrá nr. 763/2002 fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.*Sigríður Norðmann.***REGLUGERÐ****um (1.) breytingu á reglugerð nr. 444/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á kartöflum, í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg ótilgr.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg 60
0701.9000	Kartöflur, aðrar	04.08.03 - 30.09.03		0	

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. júlí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.*Atli Már Ingólfsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 2003

18. júlí 2003

1821

Nr. 567

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður á tímabilinu frá og með 3. ágúst til og með 16. ágúst 2003 verði 10% af dilkum. Frá og með 17. ágúst til og með 31. ágúst 2003 verði útflutningshlutfallið 17%. Fyrir sömu tímabil er útflutningshlutfall ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. júlí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 2003

Nr. 568

1822

17. júlí 2003

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. F-reitur (vesturhluti). Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 27. maí 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi vesturhluta F-reits í Vatnsenda. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af fyrirhuguðum húsum við Fellahvarf til austurs, Vatnsendabletti 5 til suðurs, breyttri legu Elliðahvammsvegur til vesturs og núverandi Vatnsendavegi til norðurs. Í tillögunni felst að á deiliskipulagssvæðinu verði byggð þriggja hæða fjölbýlishús með 42 íbúðum. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum dags. 19. júní 2002. Tillagan var samþykkt óbreytt en eftirfarandi lagfæringar voru gerðar á deiliskipulagsgögnum: skilmálar um staðsetningu húsa innan lóðar voru gerðir skýrari, bætt var inn skilmálum um sameiginleg leiksvæði auk upplýsinga um hljóðvist.

Uppdrættir hafa lotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 17. júlí 2003.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

Nr. 569

23. júlí 2003

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á lifandi laxfiski og hrognum sem eiga uppruna sinn í Færeyjum og Noregi.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum vegna veirusjúkdómsins blóðþorra (ISA) er óheimilt að flytja inn lifandi fisk af laxfiskaætt (Salmonidae) sem á uppruna sinn í Færeyjum og Noregi.

Einnig er óheimilt að flytja inn lifandi hrogn fiska af laxfiskaætt (Salmonidae) sem eiga uppruna sinn í Færeyjum og Noregi nema hrognin hafi verið sótthreinsuð tvisvar, bæði

nýfrjóvnguð og á augnhrognastigi, og með fyrirvara um að viðkomandi sendingu fylgi vottorð í því formi sem sett er fram í viðauka I með ákvörðun þessari.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin af landbúnaðarráðherra í samráði við yfirdýralækni á grundvelli 7. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum, sbr. bráðabirgðalög nr. 103/2003, með hliðsjón af ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópu-bandalaganna frá 29. janúar 2003 nr. 2003/70/EC og 2003/71/EC og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. júlí 2003.

F. h. r.

Niels Árni Lund.

Sigríður Norðmann.

VIÐAUKI I

Model health certificate regarding ISA for salmonid eggs originating in Norway
Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði varðandi ISA í hrognum laxfiska með uppruna í Noregi

Tilvísunarnr. / Reference code No:

FRUMRIT / ORIGINAL

<p>1. Viðeigandi stjórnvald / Authorities involved</p> <p>1.1 Lögbært stjórnvald / Competent authority:</p> <p>.....</p> <p>1.2. Lögbært útgefandi stjórnvald</p> <p>1.2. Competent issuing authority:</p> <p>.....</p> <p>2. Upprunastaður sendingar 2. Place of origin of the consignment</p> <p>2.1. Upprunaeldisstöð / Farm of origin:</p> <p>.....</p> <p>2.2. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar</p> <p>2.2. Address or location of farm:</p> <p>.....</p> <p>2.3. Nafn, heimilisfang og símanúmer sendanda</p> <p>2.3. Name, address and phone number of the consignor:</p> <p>.....</p> <p>.....</p>	<p>3. Ákvörðunarstaður sendingar Destination of the consignment</p> <p>3.1. Aðildarríki / Member State:</p> <p>.....</p> <p>3.2. Eldisstöð, heiti / Farm name:</p> <p>.....</p> <p>3.3. Heimilisfang / Address:</p> <p>.....</p> <p>3.4. Nafn, heimilisfang og símanúmer viðtakanda</p> <p>3.4. Name, address and phone number of the consignee:</p> <p>.....</p> <p>4. Flutningsfar og auðkenni sendingar 4. Means of transport and consignment identification</p> <p>4.1. Flutningabíll, skip eða flugfar / Lorry, ship, or aircraft:</p> <p>.....</p> <p>4.2. Skráningarnúmer, nafn skips eða flugnr.</p> <p>4.2. Registration number(s), ship name or flight number:</p> <p>.....</p> <p>4.3. Auðkenni sendingar / 4.3. Consignment identification details:</p>
---	---

5. Lýsing á sendingu / Description of the consignment

Frjóvöguð hrogn eftirfarandi fisktegunda / Fertilised eggs of the fish specie(s)

Vísindaheiti / Scientific name	Almennt heiti / Common name	Heildarmagn hrogna / Total volume of eggs
<input type="checkbox"/> <i>Salmo salar</i>	<input type="checkbox"/> Atlantshafslax / Atlantic salmon	
<input type="checkbox"/> <i>Salmo trutta</i>	<input type="checkbox"/> Sjóbirtingur / Sea trout	
<input type="checkbox"/> <i>Oncorhynchus mykiss</i>	<input type="checkbox"/> Regnbogasilungur / Rainbow trout	

6. Heilbrigðisvottun fyrir hrogn laxfiska með uppruna í Noregi til eldis í EB.

Ég undirritaður eftirlitsmaður, lýsi því hér með yfir að þau hrogn sem vísað er til í 5. lið þessa vottorðs hafa verið sóthreinsuð tvisvar, bæði sem nýfrjóvöguð hrogn og á augnhrognastigi, í samræmi við lið 5.2 í Viðauka 5.2.1 við alþjóðlegar reglur um heilbrigði vatnalífvera, sem gefnar eru út af Alþjóðastofnuninni um smitsjúkdóma dýra (*Office of Epizootics – OIE*), þriðju útgáfu, 2000, og eiga uppruna sinn í eldisstöð sem ekki sætir heilbrigðistakmörkunum vegna gruns um tilvik blóðþorra (ISA).

6. Animal health attestation for salmonid eggs originating in Norway for farming in the EC


I, the undersigned official inspector, hereby certify that the eggs referred to at point 5 of this certificate have been disinfected twice, both at the green egg stage and the eyed egg stage, in accordance with Section 5.2, Appendix 5.2.1. of the International Aquatic Animal Health Code of the International Office of Epizootic Diseases, Third Edition 2000, and that they come from a farm that is not under animal health restrictions due to a suspicion or an outbreak of infectious salmon anaemia.

Gjört í / Done at

(Staður / Place)

hinn / on

(Dagsetning / Date)



.....
(Undirskrift opinbers eftirlitsmanns)
(Signature of official inspector) ⁽¹⁾

.....
(Nafn með hástöfum, hæfni og staða)
(Name in capital letters, qualifications and title)

⁽¹⁾ Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en annar texti vottorðsins.

The signature and seal must be in a colour different of that of the printing.

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 2003

26. júlí 2003

1825

Nr. 570

AUGLÝSING

um framlengingu banns við innflutningi frá Belgíu og Þýskalandi og bann við innflutningi frá Ítalíu vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá belgískum og þýskum dýrasjúkdómeyfirvöldum um upprætingu Avian Influensu, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur ekki greinst á Íslandi, er bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Belgíu og Þýskalandi, sbr. auglýsingu nr. 443/2003 framlengt til mánudagsins 25. ágúst 2003.

Þar sem Avian Influensa hefur komið upp á Ítalíu er jafnframt sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Ítalíu er gildir til 25. ágúst 2003.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 25. ágúst 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. júlí 2003.

F. h. r.
Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar í umboði bæjarstjórnar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Stekkjarflöt 21 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður vegna umsóknar um viðbyggingu á baklóð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 24. júlí 2003,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 2003

18. júlí 2003

1827

Nr. 572

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Indriðastaðir í Skorradalshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að 43 ha svæði fyrir landbúnað í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi, breytist í svæði fyrir frístundabyggð. Einnig er gert ráð fyrir efnistöku á allt að 8000 m³ við Skorradalsvatn á um 2,5 ha svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skorradalshrepps og annarra sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. júlí 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigrún Ágústsdóttir.

15. júlí 2003

Nr. 573

AUGLÝSING

um deiliskipulag íþróttasvæðis á Tungubökkum í Mosfellsbæ.

Á fundi bæjarstjórnar þann 18. júní 2003 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi íþróttasvæðis á Tungubökkum í Mosfellsbæ í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Skipulagstillagan nær til lands frá aðkomuvegi að Tungubakkasvæðinu og að Köldukvísl. Skipulagssvæðið nær að hluta yfir land Segulmælingarstöðvarinnar sem afmarkar landið til vesturs ásamt flæðiengjum. Til austurs afmarkast landið af landi Leirvogstungu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 15. júlí 2003.

Ásbjörn Þorvarðarson byggingafulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðabyggð á suðvestur Hvaleyrarholti“ í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. október 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðabyggð á suðvestur Hvaleyrarholti“.

Við gíðistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi eldra skipulag svæðisins.

Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 14. júlí 2003.

Anna Margrét Tómasdóttir arkitekt.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, svæði norðan og austan Glerárkirkju.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Landnotkun á reit við Bugðusíðu, milli lóðar Bjargs og Glerárkirkju, breytist úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Óbyggt, almennt útivistarsvæði við Arnarsíðu, austan lóðar Glerárkirkju, breytist í íbúðarsvæði.

Lögun íbúðarsvæðis við Lindasíðu breytist þannig að suðausturhorn þess verði að almennu útivistarsvæði.

Austurhluti stofnstígs milli Bugðusíðu og Hlíðarbrautar færist norður þannig að hann liggi gegnum íbúðarsvæði við Lindasíðu.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Lækjamót í Sandgerði.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 21. maí 2003 samþykkt deiliskipulag íbúðarsvæðis við Lækjamót.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. Sandgerðisbæjar, 18. júlí 2003,

Guðfinnur G. Þórðarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um ávaxtasafa og sambærilegar vörur.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um ávaxtasafa og sambærilegar vörur sem skilgreindar eru í 2. grein. Reglugerðin gildir ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Skilgreiningar.

Ávaxtasafi er safi sem getur gerjast. Hann er unninn úr einni eða fleiri tegundum óskemmdra og þroskaðra ávaxta, ef til vill kældum, og er að lit, ilmi og bragði einkennandi fyrir safi ávaxtarins sem hann er unninn úr. Setja má bragð, aldinkjöt og safabelgi sem skilst frá við vinnslu aftur í safann. Safi sítrusávaxta skal unninn úr innlagi ávaxtanna (endocarp). Þó er heimilt að vinna súraldinsafa (lime) úr öllum ávextinum sé réttum framleiðsluháttum beitt þannig að hlutfall efnispátta barkarins sé í lágmarki.

Ávaxtasafi úr þykkni er safi sem fæst með því að bæta neysluvatni, bragði og eftir því sem við á, aldinkjöti og safabelgjum í ávaxtaþykkni í stað þess sem skildist frá við þykkinguna. Ávaxtasafi úr þykkni skal hafa sömu eiginleika hvað varðar skynmat og samsetningu og annar safi úr sömu ávöxtum.

Ávaxtaþykkni fæst með því að fjarlægja ákveðið hlutfall vatns úr ávaxtasafa með eðlisfræðilegum aðferðum. Ef varan er ætluð til beinnar sölu til neytenda skal þykkingin vera að minnsta kosti 50%.

Þurrkaður ávaxtasafi (ávaxtasafi á duftformi) er unninn úr ávaxtasafa með því að fjarlægja nánast allt vatn úr einni eða fleiri tegundum ávaxtasafa með eðlisfræðilegum aðferðum.

Ávaxtanektar er vara sem getur gerjast, fengin með því að bæta vatni og sykri og/eða hunangi í ávaxtasafa, ávaxtasafa úr þykkni, ávaxtaþykkni þurrkaðan ávaxtasafa, ávaxtamauk eða blöndu þeirra og er að öðru leyti í samræmi við viðauka 3. Sykur og/eða hunang má nema allt að 20% af heildarþyngd endanlegu vörunnar. Þegar ávaxtanektar er framleiddur án viðbættis sykurs eða með lágt orkugildi er heimilt að nota sætuefni í stað sykurs, alveg eða að hluta til, í samræmi við reglugerð um aukefni í matvælum.

3. gr.

Skilyrði fyrir framleiðslu og dreifingu.

Vörum, sem bera heiti, sem skilgreind eru í 2. gr., má einungis dreifa ef þær eru í samræmi við skilgreiningarnar og uppfylla önnur ákvæði reglugerðarinnar. Við framleiðslu þeirra má einungis nota þær aðferðir og auk vatns þau efni sem koma fram í II. hluta viðauka 1 og hráefni sem uppfylla skilyrði í viðauka 2 að teknu tilliti til reglugerðar um aukefni í matvælum. Nektarsafar skulu enn fremur uppfylla ákvæði í viðauka 3.

4. gr.

Vöruheiti og merkingar.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla skal eftirfarandi koma fram á umbúðum:

- a) Heiti vörunnar í samræmi við skilgreiningu í 2. gr. Fyrir vörur unnar úr einni tegund ávaxta kemur heiti þeirrar tegundar í staðinn fyrir orðið „ávöxtur“;
- b) fyrir vörur unnar úr tveimur eða fleiri tegundum ávaxta skal í tengslum við vöruheiti tiltaka þá ávexti sem notaðir eru, í röð eftir minnkandi rúmmáli safu eða mauks. Vörur sem eru unnar úr þremur eða fleiri tegundum ávaxta er þó heimilt að merkja með „ávaxtablanda“, „nokkrir ávextir“ eða sambærilegu heiti, eða tiltaka fjölda ávaxtategunda í stað þess að merkja heiti þeirra;
- c) þegar um er að ræða ávaxtasafa með viðbættum sykri skal söluheitið fela í sér orðið „sykraður“ eða „með viðbættum sykri“ ásamt ábendingu um hámarks magn viðbættis sykurs, reiknað sem þurufni og gefið upp sem grömm á lítra;
- d) ekki skal tilgreina í innihaldslýsingu efni sem skiljast frá við framleiðslu og bætt er aftur í þær vörur sem skilgreindar eru í 2. gr. nema notað sé meira af aldinkjöti eða safabelgjum, sbr. skilgreiningu í viðauka 2, en nauðsynlegt er til að koma vörunni í upprunalegt ástand;
- e) fyrir blöndur af ávaxtasafa og ávaxtaþykkni og fyrir nektar, sem fenginn er að öllu leyti eða að hluta úr einni eða fleiri þykktum vörum, skal merkingin „framleitt úr þykni“ eða „framleitt að hluta til úr þykni“ koma fram með skýru letri í sama sjónsviði og vöruheitið;
- f) þegar um nektarsafa er að ræða skal tilgreina lágmarksmagn ávaxtasafa, ávaxtamauks eða blöndu þeirra, sbr. „ávaxtamagn: minnst: %“. Upplýsingarnar skulu vera í sama sjónsviði og vöruheitið.

5. gr.

Viðbættur sykur.

Í merkingu á ávaxtaþykkni, sem ekki er ætlað beint til sölu til neytenda, skal ábending koma fram um tilvist og magn viðbættis sykurs, sítrónusafa eða sýrustilla skv. reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum. Merkingin skal koma fram á umbúðum, viðföstum merkimiða eða á fylgiskjali.

6. gr.

Íblöndun bætiefna.

Að teknu tilliti til reglugerðar um merkingu næringargildis matvæla er heimilt að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar til notkunar bætiefna (vítamína og steinefna) í þær vörur sem skilgreindar eru í 2. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða reglugerðar um aukefni í matvælum.

7. gr.

Ábyrgð framleiðenda.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í 2. gr. séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

8. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

9. gr.

Þvingunarúrræði.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum sbr. og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til 9. tölul., XII. kafla, II. viðauka (tilskipun 2001/112/EBE varðandi aldinsafa og tilteknar álíka vörur til manneldis).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 561/1995 um ávaxtasafa og sambærilegar vörur.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Vegna þeirra vörutegunda sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og ekki eru í samræmi við ákvæði hennar er veittur frestur til 12. júlí 2004 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Dreifing á vörum sem þessi reglugerð tekur til og hafa verið merktar fyrir 12. júlí 2004 í samræmi við reglugerð nr. 561/1995, um ávaxtasafa og sambærilegar vörur, er heimil uns birgðir eru þrotnar.

Umhverfissráðuneytinu, 11. júlí 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I

Skilyrði við framleiðslu.**I. Innihaldsefni sem heimilt er að nota.**

- 1) Við framleiðslu á ávaxtasafa er heimilt að:
 - a) bæta í bragði, aldinkjöti og safabelgjum sem hafa verið skilin frá safanum við vinnslu. Í þrúgasafa má einungis bæta söltum vínsýru;
 - b) nota sykrur (reiknað sem þurrvig) með eftirfarandi skilyrðum nema í peru- og þrúgasafa og að því tilskyldu að heildarmagn sykurs fari ekki yfir 150 g á lítra:

- 15 g á hvern lítra af safá til að stilla súrleika,
 - 150 g á hvern lítra af safá til að sæta hann;
 - c) bæta allt að 3 g af sítrónusafá og/eða sítrónuþykkni (gefið upp sem vatnsfrí sítrónusýra) á hvern lítra safá til að stilla súrleika.
- 2) Við framleiðslu á ávaxtasafá úr þykkni er heimilt að:
- a) bæta í bragði, aldinkjöti og safabelgjum sem hafa verið skilin frá safanum við vinnslu og einnig úr ávaxtasafá af sömu gerð. Í þrúgusafá má einungis bæta söltum vínsýru;
 - b) nota sykrur (reiknað sem þurrvig) með eftirfarandi skilyrðum nema í peru- og þrúgusafá og að því tilskyldu að heildarmagn sykurs fari ekki yfir 150 g á lítra:
 - 15 g á hvern lítra af safá til að stilla súrleika,
 - 150 g á hvern lítra af safá til að sæta hann;
 - c) bæta allt að 3 g af sítrónusafá og/eða sítrónuþykkni (gefið upp sem vatnsfrí sítrónusýra) á hvern lítra safá til að stilla súrleika.
- 3) Við framleiðslu á ávaxtaþykkni er heimilt að:
- a) nota sykrur (reiknað sem þurrvig) með eftirfarandi skilyrðum nema í peru- og þrúgusafá og að því tilskyldu að heildarmagn sykurs fari ekki yfir 150 g á lítra:
 - 15 g á hvern lítra af safá til að stilla súrleika,
 - 150 g á hvern lítra af safá til að sæta hann;
 - b) bæta allt að 3 g af sítrónusafá og/eða sítrónuþykkni (gefið upp sem vatnsfrí sítrónusýra) á hvern lítra safá til að stilla súrleika.
- 4) Við framleiðslu á þurrkuðum ávaxtasafá er heimilt að:
- a) nota sykrur (reiknað sem þurrvig) með eftirfarandi skilyrðum nema í peru- og þrúgusafá og að því tilskyldu að heildarmagn sykurs fari ekki yfir 150 g á lítra:
 - 15 g á hvern lítra af safá til að stilla súrleika,
 - 150 g á hvern lítra af safá til að sæta hann;
 - b) bæta allt að 3 g af sítrónusafá og/eða sítrónuþykkni (gefið upp sem vatnsfrí sítrónusýra) á hvern lítra safá til að stilla súrleika.
- 5) Við framleiðslu á ávaxtanektar er heimilt að:
- a) bæta allt að 3 g af sítrónusafá og/eða sítrónuþykkni (gefið upp sem vatnsfrí sítrónusýra) á hvern lítra safá til að stilla súrleika,
 - b) Í nektarsafá án viðbættis sykurs eða með lágt orkugildi má setja sætuefni í stað sykurs, alveg eða að hluta til, í samræmi við reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum,
 - c) nota apríkósur og ávextina, sem eru skráðir í II. og III. hluta í viðauka 3, hverja fyrir sig eða í blöndu, til að framleiða nektarsafá án viðbættis sykurs, hunangs eða sætuefna.
- Heilmilt er að nota koltvísýring sem innihaldsefni. Óheimilt er að bæta við bæði sykri og sítrónusafá/sítrónuþykkni eða sýrustillum sbr. reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum, í sama ávaxtasafann.

II. Aðferðir og efni sem heimilt er að nota:

- a) Vélrænar útdráttaraðferðir;
- b) venjulegar eðlisfræðilegar aðferðir, þ.m.t. aðferð (flæðiaðferð) til að draga vatn úr neysluhæfum hluta ávaxta annarra en vínberja til framleiðslu á ávaxtaþykkni, að því tilskildu að safinn uppfylli skilgreiningu á ávaxtaþykkni í 2. gr.;
- c) eðlisfræðilegar aðferðir til að hreinsa brennistein þegar um er að ræða þrúgusafá þar sem vínberin eru meðhöndluð með brennisteinsdíoxíði (SO₂) að því tilskildu að heildarmagn SO₂ í lokaafurð fari ekki yfir 10 mg/l;
- d) pektólítísk ensím, próteólítísk ensím, amýlólítísk ensím, neysluhæf gelatín, tannín, bentónít, silíkatgel og viðarkol;

- e) efnafræðilega hvarftreg síunarhjálparefni og útfellingarefni (t.d. perlusteinn, þveginn kísilgúr, sellulósi, óuppleysanlegt pólýamíð, pólývínýlpólýpýrólídon, pólýstýren) sem uppfylla ákvæði reglugerðar um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli;
- f) efnafræðilega hvarftreg aðsogshjálparefni sem uppfylla ákvæði reglugerðar um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og sem eru notuð til að minnka magn límonóíðs og naringíns í sítrónusýru án þess að hafa veruleg áhrif á límonóíðglúkósíða, sykrur (þ.m.t. fásykrur), sýru- eða steinefnainnihald.

VIÐAUKI 2 Skilgreiningar á hráefnum.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Ávextir eru allir ávextir að undanskildum tómötum sem hér eru ekki taldir til ávaxta.

Ávaxtamauk er ógerjuð vara sem getur gerjast, unnin með því að sía neysluhæfa hluta heilla eða afhýddra ávaxta án þess að fjarlægja safann.

Þykkt ávaxtamauk er vara sem er unnin með því að fjarlægja með eðlisfræðilegum aðferðum ákveðið hlutfall vatns úr ávaxtamauki.

Sykrur til framleiðslu á:

Nektarsöfum:

- sykrur, eins og þær eru skilgreindar í reglugerð um sykur og sykurvörur;
- frúktósasíróp;
- sykrur úr ávöxtum.

Ávaxtasafa úr þykkni:

- sykrur eins og þær eru skilgreindar í reglugerð um sykur og sykurvörur;
- frúktósasíróp.

Ávaxtasöfum:

- sykrur eins og þær eru skilgreindar í reglugerð um sykur og sykurvörur og innihalda minna en 2% vatn;
- frúktósasíróp sem inniheldur minna en 2% vatn.

Hunang skal vera í samræmi við skilgreiningu í reglugerð um hunang.

Aldinkjöt eða safabelgir unnið úr neysluhæfum hlutum ávaxta af sömu gerð án þess að safinn sé fjarlægður. Þegar um er að ræða sítrusávexti er aldinkjötið eða safabelgirnir og safapokarnir í innlagi ávaxtarins.

VIÐAUKI 3 Sérákvæði um nektarsafa.

Nektarsafar úr	Lágmarksmagn safa og/eða mauks (gefið upp í % miðað við þyngd fullunninnar vöru)
I. ávöxtum með súrum safa, óneysluhæfum í náttúrlegu ástandi	
ástaraldin	25
gullepli	25
sólber	25
hvít rifsber	25
rauð rifsber	25
garðaber	30

þistilber	25
þyrniplómur	30
plómur	30
sveskjuplómur	30
reyniber	30
rósaber	40
súr kirsuber	35
önnur kirsuber	40
aðalbláber	40
ylliber	50
hindber	40
apríkósur	40
jarðarber	40
mórber/brómber	40
trönuber	30
kveði	50
sítrónur og súraldin	25
aðrir ávextir sem tilheyra þessum flokki	25
II. ávöxtum með lágu sýruinnihaldi eða með miklu aldinkjöti, eða bragðsterk, með óneysluhæfum safu í náttúrlegu ástandi	
mangó	25
bananar	25
gvava	25
papæjaldin	25
litkaber	25
ávextir aseróltrésins	25
broddótt annóna	25
uxarhjarta	25
sykurepli	25
granatepli	25
kasúaldin	25
spænskar plómur	25
útbú	25
aðrir ávextir sem tilheyra þessum flokki	25
III. ávöxtum með neysluhæfum safu í náttúrlegu ástandi	
epli	50
perur	50
ferskjur	50
sítrusávextir nema sítrónur og súraldin	50
ananas	50
aðrir ávextir sem tilheyra þessum flokki	50

GJALDSKRÁ

vegna þjónustu skipulags- og byggingafulltrúa og skipulags- og bygginganefndar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.

1. gr.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði:

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið í gjaldinu byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Einbýlishús	kr. 68.054
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	kr. 56.712 pr. íbúð.
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	kr. 47.638 pr. íbúð.
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	kr. 40.832 pr. íbúð.
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	kr. 34.027 pr. íbúð.

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:

